

Mál nr. 278/2008

**B
og
X hf. vegna brunatryggingar**

Brunatjón 2. nóvember 2008.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 1. desember 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 16. desember 2008

Málsatvik.

Kveikt var í plastbáti á athafnasvæði B og gereyðilagðist báturinn. Við hlið bátsins stóð annar bátur sem einnig skemmdist af eldi. Ágreiningslaust var milli B og tryggingafélagsins að plastbáturinn væri tryggður. Tryggingafélagið neitað að bæta tjónið á hinum bátinum þar sem hann félli ekki undir skilmála brunatryggingar B. B heldur því fram að báturinn sem skemmdist falli undir skilgreininguna "lausafé" í vátryggingaskírteini brunatryggingar B.

Álit.

Í vátryggingaskírteini B er tilgreint hvað hið tryggða sé. Þar er sérstaklega tilgreint að tryggingin taki til nánar tilgreinds báts. A.ö.l. tekur tryggingin til lausafjár skv. sundurliðin í bátasmiðju. Telja verður að lausafé í bátasmiðju sé lausafé innandyr. Ekki er hægt að líta svo á að með lausafé sé vísað til báta í eigu B sem geymdir eru á utan dyra á athafnasvæði B.

Niðurstaða.

Tjón B vegna báts á athafnasvæði B, sem ekki er tilgreindur á vátryggingaskírteini, bætist ekki úr brunatryggingu B.

Reykjavík, 27. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.